



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2007

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

*Hækkar nú á himni sól,
hýrnar jarðarvangi,
vaknar allt, sem áður kól
undir vetrar fangi.*

*Sæla mér um sálu fer,
sumars brátt við njótum.
Ómar vorsins ylja mér
inn að hjartarótum.*

Sigurður Gunnarsson

Sælar konur.

Fréttabréf vorið 2007 er seinasta fréttabréfið sem þessi ritnefnd setur saman.

Í blaðinu er bréf frá Ingibjörgu Einarsdóttur, landsambandsforseta og dagskrá afmælisþingsins í Reykholti sem haldið verður 5. - 6. maí 2007. Bryndís Sigurjónsdóttir skrifar um rannsókn sína á starfsmannasamtölum í framhaldsskólum og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdarstjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins skrifar um starfsemi miðstöðvarinnar í grein sem ber yfirskriftina *Átak í menntamálum*. Einnig eru í fréttabréfinu pislar frá nokkrum deildum. Að lokum eru nokkrar bráðskemmtilegar vísnaðgátur eftir Atla Harðarson, aðstoðarskólameistara Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Við þökkum öllum þeim sem sendu okkur efni og gerðu fréttabréfið að því sem það er.

Starfið í ritnefndinni hefur verið mjög gefandi og skemmtilegt. Það hefur ætíð verið tilhlökkunarefni að fara á ritnefndarfundi, einkum vegna þeirrar glaðværðar sem einkenndi fundina. Okkur fannst einnig gott að fá tækifæri til að leggja félaginu lið með þessum hætti.

Um leið og við þökkum fyrir okkur óskum við næstu ritnefnd velfarnaðar.

Auður Vilhelmsdóttir audur@gerdaskoli.is

Elin Rut Ólafsdóttir ero@fss.is

Oddný Harðardóttir oddný@svgardur.is



Bréf frá landssambandsforseta Ingibjörgu Einarsson

Ágætu Delta Kappa Gamma systur

Þessa dagana svifur afmælisandi yfir vötnum. Fjöldi kvenna í samtökunum okkar vinnur nú að því að undirbúa 30 ára afmælishátíðina sem haldin verður í Reykholti í byrjun maí og senn líður að því að afmælisrit líti dagsins ljós. Slíkir viðburðir eru ekki hristir fram úr erminni en það er gott til þess að vita að kraftur kvenna í DKG er engu líkur þegar mikið stendur til. Þar má enn og aftur nefna Evrópuráðstefnuna sem haldin var á Íslandi árið 2003 og systur okkar í öðrum löndum vitna stöðugt til.

Dagskrá þingsins birtist á öðrum stað í fréttabréfinu og þó margar konur séu nú þegar búnar að skrá sig þá vantar nokkuð upp á að allar deildir eigi þar fulltrúa. Ég hvet ykkur til að mæta því við tengjumst betur félagsskapnum eftir að hafa verið saman á landssambandsþingi. Evrópuþingið verður í London í byrjun ágúst og vonandi stefna margar félagskonur á þann vettvang. Ég hef áður nefnt það hér í pistlum mínum að Evrópuþingin eru bæði lærdómsrík og skemmtileg og þar eru einkunnarorð samtakanna, vinátta, hjálpssemi og trúmennska svo sannarlega í heiðri höfð.

Sjálfur afmælisdagurinn er 28. mars og þá er hátíðarfundur í Reykjavík, opinn öllum félagskonum. Á þeim fundi verður stofnuð ný deild, Kappadeild og er hún sú tunda hér á landi. Tuttugu og þrjár konur munu gerast stofnfélagar en þar sem nokkrar væntanlegar félagskonur eru erlendis þann daginn verður aftur

inntökufundur í apríl. Undirbúningsferlið hefur verið einstaklega skemmtilegt og er óhætt að segja að innkoma þessara kvenna mun styrkja samtökin enn frekar.

Það vekur stöðugt undrun og stolt að kynnast félagskonum í samtökunum betur. Ég hef heimsótt nokkrar deildir í vetur og stefni að fleiri heimsóknum nú í apríl og alls staðar er því líkur kvennaauður og kraftur að undrun sætir. Konur eru ótrúlega duglegar á öllum sviðum. Ég hef stundum sagt að sérhver kona í DKG hafi mikið að gera, sé virk í hverju sem hún taki sér fyrir hendur og það hef ég svo sannarlega séð og heyrt á þessum ferðum mínum. Það er því tilhlökkunarefni að mæta í Reykholt og hlýða þar á erindi er fjalla um stöðu kvenna í fræðslustörfum fyrr og nú.

Á aðalfundinum á sunnudeginum eru venjuleg aðalfundarstörf og þar munu formenn deilda flytja okkur stuttar skýrslur af starfi sl. tveggja ára. Formenn nefnda munu einnig gera grein fyrir starfi viðkomandi nefnda. Að lokum verður kosin ný landssambandsstjórn og kjörtímabili mínu sem landssambandsforseta lýkur formlega 1. júlí.

Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka fyrir gott og þroskandi samstarf og satt best að segja hafa þessi tvö ár liðið ótrúlega hratt.

Sjáumst hressar og kátar í Reykholti í Borgarfirði 5. maí.



Ingibjörg Einarsson
forseti landssambandsins

Delta Kappa Gamma 30 ára á Íslandi

Afmælisþing haldið í Reykholti 5.- 6. maí 2007

Dagskrá

Laugardagur 5. maí

- 9:30 **Skráning - morgunhressing**
- 10:00 **Tónlistaratriði**
Setning þingsins
Ingibjörg Einarsdóttir, forseti landssambandsins
- 10:10 **Orð til umhugsunar**
Sigrún Ásta Jónsdóttir, Þetadeild
- 10:15 **Ávarp** - Dr. Beverly Helms, gestur frá alþjóðasamtökunum
- 10:30 **Fræðslumál á Íslandi í 30 ár, staða kvenna**
Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur
Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur
- 11:35 **“Afmælisblossi”**
Alfa og Beta
- 11:50 **Kynning á sögusýningu**
Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild
- 12:00 **Hádegisverður, skoðun sögusýningar**
- 13:30 **“Afmælisblossi”**
Gamma og Delta
- 13:45 **Er gildismat íslenskra skólastjóra ólíkt eftir kynferði?**
Anna Edvarðsdóttir, Iotadeild
- 14:15 **“Afmælisblossi”**
Epsilon og Zeta
- 14:30 **Delta Kappa Gamma á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð**
Stjórnandi Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild
- 15:30 **Kaffi**
- 16:00 **“Afmælisblossi”**
Eta og Þeta
- 16:30 **Opnun nýrrar heimasíðu**
Eygló Björnsdóttir, Betadeild
- 16:45 **Söngur og kynning á kvölddagskrá**
- 17:00 **Fundarslit**
- 19:00 **Móttaka í Snorrastofu, fordrykkur í boði landssambands DKG**
Dagný Emilsdóttir, Deltadeild kynnir kirkjuglugga
Valgerðar Bergsdóttur
- 20:00 **Hátíðarkvöldverður**
Veislustjóri: Þórunn Reykdal, Deltadeild
“Afmælisblossar”
Iota og landssambandið
Söngur og gleði
Margt óvænt !!! en skemmtilegt

Þingforseti: Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild

Sunnudagur 6. maí

Aðalfundur

- 10:00 **Venjuleg aðalfundarstörf**
Skýrsla stjórnar
Reikningar lagðir fram
Árgjald ákveðið
Fjárhagsáætlun lögð fram
Skýrslur deilda (3 mín.)
Skýrslur nefnda
Kosning forseta landssambandsins
Kosning annarra stjórnarmanna landssambandsins
Kosning í fjárhagsnefnd og uppstillingarnefnd
Kosning tveggja endurskoðenda
Lagabreytingar
Ályktanir og tillögur

Önnur mál

- 12:00 **Fundarslit**



Listsköpun

Í tilefni af 30 ára afmæli landssambandsins eru félagskonur hvattar til að leysa úr læðingi hæfileika sína til sköpunar. Ekki er hægt að nefna eina listgrein annarri æðri en dæmi um framlag gæti verið myndverk, ljóð, lag, smásaga, örsaga, vefnaður eða annað listhandverk.

Verkum skal skilað til Rósu Júlíusdóttur, Betadeild eigi síðar en 10. apríl 2007.

Verkin verða sýnd á þinginu í Reykholti og veittar viðurkenningar.



Bryndís Sigurjónsdóttir, M.Ed., MPA.

Starfsmannasamtöl í framhaldsskólum

Starfsmannasamtal er skipulagt, vel undirbúið og uppbyggjandi trúnaðarsamtal milli starfsmanns og næsta yfirmanns með áherslu á upplýsingaflæði, stefnumótun, starfsþróun og markmiðssetningu (Vigdís Jónsdóttir, 2004; Hallur Páll Guðjónsson, 2006).

Undanfarin ár hefur rekstrar- og lagaumhverfi opinberra stofnana hérlendis tekið umtalsverðum breytingum. Ábyrgð og ákvörðunarvald hafa verið færð í hendur viðkomandi stofnunar. Nýjar aðferðir, í anda „New public management“ eða nýsköpunar í ríkisrekstri, hafa verið teknar upp við stjórnun, t.d. með gerð árangursstjórnunarsamninga milli ráðuneyta og stofnana þeirra (Fjármálaráðuneytið, 1999). Kröfur um góða stjórnsýsluhætti hafa breyst og aukinn réttur almennings hefur verið lögfestur. Nýskipan í ríkisrekstri gerir þær kröfur að meiri athygli beinist að starfsmannamálum og mannauðsstjórnun er viðurkennd sem hluti góðra stjórnsýsluhátta. Um 77 % fjármagns framhaldsskóla fer í launakostnað og því er mikilvægt í ljósi árangursstjórnunar að huga að mannauði þeirra.

Mannauðsstjórnun er margþætt stjórnunaraðferð sem á rætur sínar að rekja til einkageirans og leggur áherslu á að starfsmenn séu ekki einungis kostnaðarvaldur heldur framar öðru auðlind skipulagsheilda. Til að ná sem mestri framleiðni út úr þessari auðlind þarf að þjálfra og hlúa vel að henni (Salamon, 2002, bls.58-59). Í framhaldsskólum sem og flestum opinberum stofnunum er að takmörkuðu leyti hægt að umbuna í formi launa. Því er mikilvægt að opinberar stofnanir noti aðrar aðferðir til umbunar. Ein leið til

að fá fram óskir starfsmanna er í gegnum starfsmannasamtöl. Þar gætu m.a. komið fram óskir um tilfærslu í starfi, endurmenntun o.s.frv. (Salamon, 2002, bls. 58-59).

Mannauðsstjórnun gengur út á að skapa samkeppnisforskot fyrir skipulagsheildir með starfsþróun og markvissri þjálfun starfsmanna (Gylfi D. Aðalsteinsson, 2002). Hluti af mannauðsstjórnun er starfsmannastefna og starfsmannasamtöl eru oft hluti hennar. Samkvæmt ofansögðu er því þrýstingur á stjórnendur framhaldsskóla að sinna starfsmannamálum og þar á meðal starfsmannasamtölum. Mikil vinna og orka fer í framkvæmd starfsmannasamtala en afrakstur þeirra hefur lítið verið rannsakaður og ekkert í framhaldsskólum. Það var því áhugavert fyrir mig þegar ég stóð frammi fyrir því að velja rannsóknarverkefni til meistaraþrófs í opinberri stjórnsýslu að skoða starfsmannasamtöl í framhaldsskólum sem tæki í mannauðsstjórnun. Í framhaldsskólum landsins er takmörkuð reynsla komin á samtölin, aðeins þriðjungur þeirra hefur einhverja reynslu á þeim vettvangi.

Markmið rannsóknarinnar

Hið almenna markmið var að skoða gagnsemi og framkvæmd starfsmannasamtalanna. Sértek markmið eru að kanna með viðtölunum hvað kennurum finnst um framkvæmdina, skoða uppskriftir skóla að framkvæmd þessara samtala, hitta kennara og stjórnendur og leggja fyrir þá spurningalista varðandi framkvæmdina og þá þætti hennar sem hugsanlega skipta sköpum fyrir árangur samtalanna fyrir starfsmennina sjálfa og stofnunina í heild. Þar sem svo stór hluti tekna skólanna fer í laun kennara eins og fyrr segir, er áhugavert að skoða hvort þetta stjórnþæki sé nýtilegt til að styrkja starfsmenn og auka þannig árangur stofnunarinnar með hæfara og ánægðara starfsfólki.

Framhaldsskólar eru lærdómsfyrirtæki og miklu máli skiptir að efla þekkingu, viðhalda henni og halda henni inni í stofnununum. Starfsþróun er mjög mikilvægur þáttur í þekkingarfyrirtækjum og starfsmannasamtöl eru í þágu þekkingar- og mannauðsstjórnunar. Skólar ganga út á kennslu og þar eru að störfum kennarar sem allir eru vel menntaðir og líta á sig sem sérfræðinga og hugsanlegt er að samtölin þurfi að byggja á gögnum svo sem áfangamati og/eða sjálfsmati sem umræðugrunni samtalanna. Ef árangur skólanna og kennslan eru skoðuð er ekki úr vegi að beina sjónum að kennaranum og líðan hans, því rannsóknir sýna að fylgni er milli starfsánægju og starfsárangurs.

Eru starfsmannasamtöl gagnleg og hvaða þættir í framkvæmdinni hafa áhrif á gagnsemina?

Ljóst er sem fyrr segir að samtölin eru tímafrek og því hefur það hagnýtt gildi að kanna hvort þessum tíma er vel varið. Svör við þessum spurningum gætu því nýst skólastjórnendum við framkvæmd starfsmannasamtala og hjálpað þeim að ákveða hvort þeir telja stjórnþækið bera árangur.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Rannsóknin var, bæði eigindleg og megindleg. Megindlegi hlutinn fólst í spurningakönnun sem 177 kennarar í fimm skólum svöruðu. Eigindlegi hlutinn byggðist hins vegar á ítarlegum viðtölum við 6 stjórnendur og kennara í tveimur skólum auk starfsmannastjóra hjá Reykjavíkurborg. Með því að nálgast rannsóknarspurninguna með tveimur mismunandi aðferðum var þess vænst að fá heilsteyptari mynd af gagnsemi og framkvæmd starfsmannasamtala en þó sérstaklega að varpa ljósi á þau atriði í framkvæmd samtalanna sem mikilvægust eru fyrir gangsemi þeirra.

Helstu niðurstöður eigindlegu rannsóknarinnar

Gagnlegt var að skoða fyrst niðurstöður eigindlegu rannsóknarinnar þar sem hún virkaði sem nokkurs konar forkönnun og kveikja að spurningalista megindlegu rannsóknarinnar. Í viðtölum við þátttakendur kom fram að almennt töldu þeir starfsmannasamtölin gagnleg en framkvæmd samtalanna var ofarlega í hugum viðmælendanna. Afstaða þeirra til samtalanna var jákvæð. Í viðtölunum komu fram þættir í framkvæmdinni eins og innleiðing, undirbúningur, gögn, nánd, tímaþáttur, uppbygging og innihald samtals, skráning niðurstaðna, umbótaáætlun og eftirfylgni og voru þessir þættir kannaðir nánar í megindlegu rannsókninni.

Viðtöl þátttakenda gáfu vísbendingar um að starfsmannasamtöl væru gagnleg bæði fyrir stjórnendur og starfsmenn. Einnig kom fram að fyrir stjórnendur sem eru önnur kafnir væri þetta leið til að fylgjast með því sem er að gerast í stofnuninni og fá hugmyndir um hvað megi betur fara bæði fyrir árangur starfseminnar, velferð nemenda og hugmyndir um hvernig starfsmenn fái best notið sín. Fyrir starfsmennina töldu viðmælendur að þeir fengju innsýn í rekstur skóla og margir tjáðu sig um að gott væri að einhver fengi að vita ef þeir standa sig vel og einnig ef að illa gengi þá fengju þeir aðstoð við að bæta stöðuna. Ennfremur kom fram að menn töldu að samtölin efldu tengsl í stofnuninni og bættu starfsandann.

Þar sem rannsóknin takmarkaðist við sex viðmælendur er augljóst að ekki er hægt að alhæfa um viðhorf skólafólks til starfsmannasamtala út frá viðtölum við þá. Því var nauðsynlegt að fylgja eigindlegu rannsókninni eftir með megindlegri rannsókn á stærri hóp þar sem sömu spurningar voru lagðar fyrir alla. En margs konar upplýsingar komu fram í viðtölunum sem lögðu m.a. til efnið í megindlegu rannsóknina.

Dæmi:


- Athyglisvert væri að skoða líðan starfsmanns áður en samtal hefst.
- Sú hugmynd kom fram að innihald samtalanna eigi að snúast annars vegar um persónuna, þ.e. starfsmanninn og þróun hans í starfi, og hins vegar um starfið og stofnunina og talað var um tvo póla.
- Í rannsókninni kom fram að áhugavert væri í framhaldinu að skoða viðhorf til samtalanna annars vegar og gagnsemina hins vegar og einnig hvað getur ýtt undir og hvað hamlað gagnseminni.
- Í ljós kom að starfsmannasamtöl eru viðkvæm í framkvæmd. Menn eru að leggja feril sinn undir og því skiptir máli að koma sæmilega sáttur út úr svona samtali og þá líklegra að menn takist á við galla sína.
- Eindregin viðurkenning kom fram á því að eftirfylgni væri ábótavant.
- Einn viðmælenda benti á að starfsmannasamtöl gætu verið vettvangur fyrir kennara sem kemur illa út úr áfangakönnun til að verja sig.
- Viðmælendur nefndu að sýnileiki stjórnenda skipti máli fyrir skólalstarfið. Viðtölin gætu verið gagnlegur sýnisgluggi.
- Einn viðmælenda vakti athygli á að starfsmannasamtöl væru gott tækifæri fyrir stjórnendur til að kynnast hlédrægum starfsmönnum og þar væri leyndur mannauður.

Megindlega rannsóknin fór fram í febrúar og mars 2006. Spurningarnar voru 29 og svöruðu 177 kennarar könnuninni. Eingöngu kennarar skólanna svöruðu könnuninni en ekki aðrir starfsmenn.

Heildarniðurstöður rannsóknarinnar

Mikilvægasta niðurstaðan var sú að langflestir töldu starfsmannasamtölin gagnleg og tímanum sem í þau fór vel varið. Þessir þaulreyndu kennarar sem tóku þátt í rannsókninni gáfu starfsmannasamtölunum einkunnina 7.95 á skalanum 0–10. Mikill


meirihluti sagði að traust eflist milli stjórnenda og starfsmanna í starfsmannasamtölum. Einnig að starfsmenn fái aukinn skilning á væntingum stjórnenda til þeirra, fái viðbrögð við frammistöðu sinni í starfi og að starfsmannasamtölin dragi úr ágreiningi, bæti starfsandann auk þess að samtölin gefi tækifæri til að koma með ábendingar um markmið, stefnu og stjórnun stofnunarinnar.



Mynd 1. Hversu mikilvæg eru starfsmannasamtöl á skalanum 0–10?


Meðaltalsgildi: 7,95. Staðalfrávik: 1,85.

Eins og greinilega kemur fram á myndinni hér að ofan þykja kennurum starfsmannasamtölin gagnleg en 71 % kennara gefa samtölunum einkunnina 8 og þar yfir.



Mynd 2. Ég tel þeim tíma vel varið sem fer í starfsmannasamtöl

Kennurum finnst tímanum sem varið er til starfsmannasamtala augljóslega vel varið, sem styrkir tilgátu rannsóknarinnar um að starfsmannasamtöl séu gagnleg og líkur séu á að þau skili ánægðara fólki sem skilar betri afköstum. Hins vegar sýnir mynd 3 hér að neðan að starfsþróun kemur oft lítið á dagskrá í samtölunum, þar kemur fram að aðeins 38% kennara telja sig hafa fengið tækifæri til að skipuleggja starfsþróun sína, 21% telja starfsþróun ekki eða lítið skipulagða og 41% tóku ekki afstöðu eða telja að starfsþróun hafi lítið komið á dagskrá.




Mynd 3. Í starfsmannasamtalinu var starfsþróun skipulögð

Þessar niðurstöður hljóta að benda til þess að ónýtt tækifæri séu til að koma svo mikilvægu málefni á dagskrá í starfsmannasamtölum framhaldsskóla. Þar sem framhaldsskólar eru lærdómsfyrirtæki sem ganga út á kennslu eru aðalverðmæti þeirra mannauðurinn og þekking starfsmanna. Mikilvægi þess að viðhalda menntun sinni og þróast í starfi er í fáum stofnunum meira. Því hljóta þessar niðurstöður að verða hvatning til stjórnenda um að styrkja þennan þátt samtalsins.

Einnig komu fram nokkuð samstæðar hugmyndir um innihald og framkvæmd samtalanna. Flestir töldu að byggja ætti á gögnum, svo sem

áfangamati eða sjálfsmati, og mikil áhersla var á eftirfylgni og framkvæmdaráætlun. Þannig fengust jákvæð svör við mörgum þeim spurningum sem ætlað var að kanna hvort starfsmannasamtölin nýstist sem gagnlegt tæki í mannauðsstjórnun til að efla starfsánægju og hvatningu og einnig til að ná markmiðum þekkingarfyrirtækis og lærdómsstofnunar þar sem allir eru að læra.

Hins vegar komu bæði fram í eigindlegu rannsókninni og á mjög skýran hátt í svörum við spurningalistanum í meginlegu rannsókninni ákveðnir hnókrar sem að hluta til má rekja til þess að reynsla af samtölunum er takmörkuð í framhaldsskólum. Þannig voru ónotuð ýmis tækifæri sem samtölin ættu að gefa. Aðeins rúmur þriðjungur kennara taldi sig hafa fengið tækifæri til að skipuleggja starfsþróun sína og þar kom fram að kennarar töldu sig ekki fá skýra mynd af stefnu og markmiðum stofnunarinnar. Reyndar voru þeir einnig þeirrar skoðunar að skólinn sem stofnun ætti síður en starfsmaðurinn sjálfur að vera umfjöllunarefni samtalanna. Engu að síður voru þarna ónotuð tækifæri til að skapa liðsheild. Mikilvægustu gagnrýnisþættirnir lutu þó að framkvæmdinni sjálfri. Þótt hún fengi í heildina jákvæða umsögn voru t.d. aðeins 33% svarenda sáttur við eftirfylgnina í sínu tilfelli (sjá mynd 4 hér að neðan). Í ljósi þess að 86% svarenda voru þeirrar skoðunar að eftirfylgnin skipti miklu máli afhjúpuðust hér annmarkar sem geta dregið verulega úr gagnsemi og möguleikum starfsmannasamtalanna sem stjórnækis og samskiptamiðils. Úr þessu atriði þarf nauðsynlega að bæta og það ætti að vera tiltölulega auðvelt.



Mynd 4. Þeir sem sáttir eru við eftirfylgnina í sínu tilfelli

Hér kemur fram að aðeins 33% kennara eru sáttir við eftirfylgnina í sínu tilfelli. 42% svara *hvorki né* sem má túlka að ekki hafi mikið reynt á eftirfylgnina og því hefði fólk ekki sterka skoðun á málinu. 21% eru ekki sátt eða ósátt. Eigindlega rannsóknin gaf einnig vísbendingu í þessa átt. Framkvæmdinni virðist að þessu leyti vera ábótavant og það dregur verulega úr gagnsemi og möguleikum samtalanna sem stjórnækis og gagnkvæms samskiptamiðils. Vandamálin eru oftast þau að stjórnendur eru svo störfum hlaðnir og í skólum koma oft og tíðum upp vandamál sem ekki þola bið. Þá er hætt við að starfsmannasamtali sé frestað og/eða eftirfylgninni. Það dregur úr tiltrú fólks á starfsmannasamtölin, sem dregur þá ályktun að eitthvað annað sé mikilvægara en viðtal við viðkomandi. Hvort tveggja er mjög slæmt.

Það er augljóslega takmörkun eða veikleiki þessarar rannsóknar að hún mælir ekki hlutlægt árangur starfsmannasamtala, t.d. í formi námsárangurs, brottfalls, starfsmannaveltu o.s.frv. enda þyrfti allt aðra nálgun og aðferðir til að mæla slík áhrif. Þar sem viðtölin beinast að kennurunum sjálfum skiptir afstaða þeirra til samtalanna samt miklu máli. Því er það ánægjuleg heildarniðurstaða þessarar rannsóknar að kennarar telja þeim tíma sem fer í starfsmannasamtölin vel varið og þótt öll tækifærin séu ekki nýtt til hlítar (starfsþróun og þátttaka í stefnumótun skólans) og að ákveðnir hnökra séu

í framkvæmdinni (t.d. skortur á eftirfylgni) þá er það ljóst af tiltölulega stuttri reynslu að starfsmannasamtöl nýtast framhaldsskólum til að efla kennara í starfi, leysa úr ágreiningi, bæta starfsanda og skila endurgjöf á frammistöðu.

Heimildaskrá

Bryndís Sigurjónsdóttir (2006). Starfsmannasamtöl í framhaldsskólum: Óbirt MPA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Fjármálaráðuneytið (1999). „Starfsumhverfi ríkisstofnana við aldahvörf: Rann-sóknarniðurstöður.“ Í Ómar H. Kristmundsson (Ritstj.). *Ritröð fjármálaráðu-neytisins 1997-1999*. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (2002). *Mannauðsstjórnun*. Landsfundur Upplýsingar. Hótel Sögu.

Hallur Páll Guðjónsson (2006). Munnleg heimild 26.2.2006.

Salamon, L.M. (2002). *The Tools of Governemen: A Guide to the New Governance*. New York: Oxford University Press.

Vigdís Jónsdóttir (2004). Starfsmannasamtöl - verkfæri til þróunar. Óbirt grein.






Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Framkvæmdarstjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

ÁTAK Í MENNTAMÁLUM

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð í árslok 2002 af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA). Starfsemin byggist á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Fyrsti þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl árið 2003 og gildi hann út árið 2006. Hins vegar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við niðurstöður ASÍ og SA um gildi kjarasamninga í nóvember 2005. Í þeirri yfirlýsingu var greint frá því að fé yrði aukið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Ákveðið var að fela FA að vinna að þeim málum sem yfirlýsingin kvað á um og var þjónustusamningurinn því endurnýjaður fyrr en ella eða í ársbyrjun 2006.

Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólk sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. Á Íslandi er þessi hópur mjög stór eða um 38% af starfandi fólki. Framhaldsskólar landsins hafa á undanförmum árum verið að útskrifa um 65% námsmanna sinna við 22 ára aldurinn. Neðangreind mynd er frá OECD, education at glance (2004) og sýnir hversu stór hluti tveggja aldurshópa hefur lokið námi á framhaldsskólastigi.



Eins og sjá má á myndinni er Ísland í 26. sæti af 34 þegar yngri hópurinn, 25-34 ára, er skoðaður, en tæplega 70% þess aldurshóps hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Þegar kemur að eldri hópunum, 45-54 ára, þá stendur Ísland aðeins betur að vígi, 10 þjóðir eru fyrir neðan okkur, en 23 samanburðarþjóðanna standa svipað og við eða betur að vígi. Tæplega 60% þess aldurshóps hafa lokið námi á framhaldsskólastigi. Sú staðreynd að ekki skuli muna meiru á þessum aldurshópum bendir til ákveðinnar kyrrstöðu í menntunarstigi þjóðarinnar og er það áhyggjuefni.

Atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil, árið 2006 var t.d. atvinnuþátttaka aldurshópsins 25-54 yfir 90%, en þetta er sá aldurshópur sem líklegastur er til að bæta við sig námi. Á sama tíma var atvinnuleysi ekki nema 2,9%. Til að ná til markhóps FA er því eðlilegast að beina átaki að því fólki sem er á vinnumarkaði, ef ná á árangri.

Þjónustusamningurinn við menntamálaráðuneytið, sem FA vinnur eftir, leggur grunn að sameiginlegu átaki aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytisins í þessum málum. Helstu markmið sammingsins eru að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfærni markhópsins og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þörfum þessa hóps.

Fræðslumiðstöðin hefur unnið að því að lýsa námstilboðum, í sérstökum námsskrám, sem hafa verið í boði fyrir þennan hóp, ásamt því að búa til ný og fá þau metin til eininga á framhaldsskólastigi til að greiða leið markhópsins í nám. 17 námstilboð hafa farið í gegnum þetta ferli nú þegar og eru fleiri í vinnslu. Matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins gerir tillögu að mati til eininga á framhaldsskólastigi, og matið er síðan staðfest af ráðuneytinu með því að senda bréf til framhaldsskólanna. Þetta er til mikilla bóta fyrir fólk á vinnumarkaði, sem getur nú nýtt námið til styttingar náms í framhaldsskóla.

Stórt þróunarverkefni FA í þjónustusamningnum varðar þróun aðferða við mat á raunfærni í samvinnu við atvinnulífið og ráðuneytið. Hlutverk FA er stefnumótun, uppbygging kerfis og prófun á því. Unnið er að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Raunfærni er samanlögð færni, sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Í forgangi er mat á raunfærni til styttingar náms á framhaldsskólastigi.

Mat á raunfærni er málaflokkur sem hefur verið í þróun í Evrópu á undanförunum árum. Mörg Evrópulönd hafa unnið ötulllega að þróun kerfis og meðal þeirra landa sem standa best að vígi eru Norðurlöndin, Bretland Frakkland, Belgía og Portúgal.

Unnið er að fyrstu tillögum til menntamálaráðuneytisins vegna raunfærnimats til styttingar náms í framhaldsskóla, en þær verða lagðar inn í ráðuneytið í mars 2007. FA hefur tekið þátt í nokkrum tilraunaverkefnum ásamt því að afla upplýsinga um það sem löndin í kringum okkur eru að gera í málunum. Kynningarbæklingur um raunfærnimat kom út á haustmánuðum. Hann er ætlaður til notkunar í tilraunaverkefnum og er efni hans einkum beint að samstarfsaðilum í slíkum verkefnum. Í bæklingnum er raunfærni skilgreind og greint frá ferlinu í raunfærnimati. Dregin er fram gagnsemi raunfærnimats og farið yfir hlutverk helstu ábyrgðar- og hagsmunaaðila. Jafnframt er útdráttur úr evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

Mikilvægt viðfangsefni FA er einnig þróun aðferða í náms- og starfsráðgjöf fyrir markhópinn. Á árinu 2006 setti ríkið fjármagn í að byggja upp þjónustu náms- og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvunum. Flestar þeirra réðu til sín námsráðgjafa á árinu og hófu ráðgjöfina. Markmiðið er einkum að ná sambandi við markhóp FA og greina þarfir ásamt því að búa til námsleiðir sem henta bæði einstaklingunum og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem þeir starfa í. Ekki er síður mikilvægt að hvetja til náms og ábyrgðar á eigin færniþróun. Mikið er lagt upp úr því að ráðgjafar fari á vinnustaði, kynni þjónustuna og bjóði einstaklingum upp á viðtöl um menntunarbætur, símenntun, áhugasvið og starfsþróun. Miklar vonir eru bundnar við að þetta starf skili sér í aukinni eftirspurn eftir námi á framhaldsskólastigi.

Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópinn er einnig mjög mikilvægt verkefni í starfsemi FA. Nám fullorðinna lýtur öðrum lögmálum heldur en tíðkuð eru í framhaldsskólum landsins fyrir ungmenni. FA býður samstarfsaðilum sínum, sem eru fræðsluaðilar á vegum ASÍ og SA og aðildarféлага þeirra, upp á kennslufræðinámsskeið til að auka gæðin í námstilboðum á þeirra vegum. Námskeiðið Stiklur er 20 kennslustunda langt námskeið, sem hefur verið haldið víða um land. Jafnframt hefur verið

byggt upp gagnasafn í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsakynnum FA, en um er að ræða mikið safn bóka og greina um þessi málefni. Jafnframt eru í vinnslu mælistikur í námsefnisgerð miðað við nám og árangur fullorðinna. Rétt er að geta þess einnig að samin hafa verið drög að gæðaviðmiðum í starfi símenntunarmiðstöðva og eru þau nú tilraunakeyrð hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími-símenntun. Gæðaviðmiðin voru sett á vef FA í ársbyrjun 2006. Þau má finna á www.frae.is undir liðnum gögn. Þar er sérstakur kafli undir heitinu gæðaviðmið.

Á síðasta ári var veitt fé til vottaðs náms hjá símenntunarmiðstöðvunum í fyrsta skipti. Um er að ræða það nám, sem vottað hefur verið til eininga á framhaldsskólastigi í námsskrám, sem FA hefur gefið út, en einnig á rétt til framlags það nám, sem áður hafði verið vottað sérstaklega fyrir markhóp FA. Þessi framlög hafa gjörbreytt stöðu þessa náms og dreifingu um landið. Þau námstilboð, sem hafa fengið mesta útbreiðslu eru annars vegar Landnemaskólinn, sem er fyrir starfsmenn af erlendum uppruna og leggur áherslu bæði á íslenskunám og þekkingu á íslensku samfélagi, lögum, reglum, félögum og stofnunum. Einnig hefur náð mikilli útbreiðslu námstilboðið „Aftur í nám”, sem er fyrir þá sem stríða við lestrarerfiðleika. Það hefur verið hægt að draga ályktanir af rannsóknum þjóðanna í kringum okkur, þótt við höfum sjálf ekki framkvæmt rannsókn á lestrarfærni fullorðinna hér á landi. Allar líkur hafa bent til þess að við séum engin undantekning hvað varðar stærð hóps þeirra sem glíma við slíka erfiðleika. Það er mjög gleðilegt að það skuli vera vakning í þessum málefnum hér á landi, því lestur er auðvitað undirstaða alls náms.


Eitt þeirra verkefna, sem komu inn í nýjan þjónustusamning árið 2006 var að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfara kennara/leiðbeinendur í notkun þess. Hafist var handa við þetta verkefni s.l. haust og myndaður stýrihópur til að sinna því. Hópurinn hefur unnið að gerð

mælistiku vegna námsefnisgerðarinnar og bíður nú eftir ákvörðunum menntamálaráðuneytisins um nýja námsskrá vegna breyttra áherslna.

Auk ofangreindra verkefna safnar FA og miðlar upplýsingum um störf sín. Í þessu skyni er gefið út ársritið Gátt. Það hefur nú komið út þrisvar sinnum og þykir mörgum fengur að riti um málefni fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar. Í ritunum eru bæði ýmsar greinar um málefni sem varða fullorðinsfræðslu, ásamt upplýsingum um verkefni í vinnslu og reynslusögum frá sjónarhóli bæði námsmanna og kennara.

Einnig eru ýmsir kynningarbæklingar gefnir út, bæði um námsleiðir FA og aðra þætti starfsins. Bæklingur um náms- og starfsráðgjöf ásamt veggspjaldi var gefinn út á haustmánuðum í fyrra. Kynningarefnið er ætlað samstarfsaðilum FA sem bjóða upp á námsleiðir og náms- og starfsráðgjöf. Ársfundur FA er haldinn í nóvember og er hann opinn öllum sem áhuga hafa á þessum málefnum. Þá eru jafnan fyrirlestrar um ýmis málefni og lögð hefur verið áhersla á að fá erlenda sérfræðinga til liðs við okkur.

Það þetta samstarf sem er milli heildarsamtaka á vinnumarkaði og menntayfirvalda hér á landi hefur vakið eftirtekt víða og virðist vera leið, sem margar þjóðir hefðu áhuga á að styrkja. Eins og sjá má af ofangreindu er unnið mikið og metnaðarfullt starf hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Vísna gátur eftir Atla Harðarsson aðstoðarskólameistara

Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Lausnir eru á bls. 34

1. Fer af stað á fimmtudegi.
Fingur knýja, hljómar þá.
Í henni situr sandur eigi.
Sællegt fljóð með hýra brá.
2. Farþega í flugi hrjá.
Finnast lagðar jörðu á.
Mynda hraunin grett og grá.
Grautinn á þeim hita má.
3. Rak á land í Reykjavík
Rísa hátt í blán geim.
Kúra uppi á klettabrýk.
Kallast salur eftir þeim.
4. Ætum hlaðnar ávöxtum,
einnig sjást í dagblöðum.
Nautn og yndi námfúsum.
Nálgast má í lögbókum.
5. Um þau grannan þráð ég þræði.
Þrútna oft af sorg og mæði.
Renna yfir grund og græði.
Greina ljós frá skuggum bæði.



Frá Alfadeild

Haldnir hafa verið fimm fundir í deildinni í vetur og þegar þetta er skrifað stendur sá sjötti og síðasti fyrir dyrum. Fyrir áramót voru haldnir þrjú fundir eins og fram kom í síðasta fréttabréfi.

Mánudaginn 26. mars ætlar Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands að bjóða deildinni í heimsókn og flytja erindi um sameiningu skólans og Kennaraháskóla Íslands. Frumvarp um sameiningu skólanna var eitt síðasta frumvarpið sem samþykkt var á Alþingi á þessu vori og rétt slapp fyrir horn á síðasta degi þingsins. Það verður fróðlegt að heyra hvernig Kristínu, sem er reyndar ein deildarkvemma, list á sameiningu þessara tveggja stofnana.

Í lok janúar bauð María Solveig Héðinsdóttir deildinni heim til sín af miklum höfðingsskap og var það afar skemmtilegt. Leynigestur fundarins var Guðrún Halldórsdóttir fyrrum skólastjóri og sagði hún frá bernskuminningum sínum en fyrir jólin kom út bók um ævi hennar. Það var gaman að hlusta á Guðrúnu segja frá og kvöldið var afskaplega skemmtilegt og ekki spillti fyrir að María Solveig og eiginmaður hennar buðu upp á veitingar af miklum rausnarskap og allir skemmtu sér hið besta.

Í febrúar, nánar til tekið 24. febrúar, lögðum við svo leið okkar í Listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholti en þangað höfðum við margar ekki komið lengi. Þar tóku á móti okkur Sesselja Snævarr, ein af okkur, formaður safnstjórnar og safnstjórinn, Júlíana Gottskálksdóttir.

Júlíana fræddi okkur um ævi og störf Einars og gekk með okkur um safnið og við sáum m.a. íbúð Einars sem er efst í turni hússins. Þetta var góð stund og mörgum okkar hlýnaði um hartarætur að fá að berja íbúð hans augum og sjá húsmuni hans og aðra persónulega muni. Safn Einars Jónssonar er einstakur

staður og það var gott að koma þar og endurnýja kynnin við myndir hans sem enn er okkur mörgum ráðgáta.

Stjórn Alfæðildar hefur að auki haldið stjórnarfundum eftir þörfum til þess að ræða starfsemi deildarinnar og ýmsa þætti hennar svo sem efni á fundum og hvernig efla megi starfsemi hennar á alla lund.

Stjórnin hefur einnig rætt talsvert um starfsemi DKG vítt og breitt, störf landssambandsins og vorþing DKG í Reykholti í maí nk.

Erna Árnadóttir



Frá Etadeild

Etadeild var stofnuð í Reykjavík 6. júní 1997 og fagnar því tíu ára afmæli nú í vor. Í deildinni eru 28 konur af ýmsum sviðum fræðslustarfa. Þótt tungumálakennarar, sérkennarar, náms- og skólaráðgjafar séu sýnu fjölmennastir, hefur deildin einnig á að skipa konum af ýmsum fleiri sviðum, s.s. talmeinafræði, bókasafnsfræði, tölvu- og upplýsingatækni, þroskaþjálfun, sjúkraþjálfun, háskólakennurum í ýmsum greinum, fræðikonum og skólastjórnendum, svo dæmi séu tekin.

Etadeild hélt þrjá fundi á haustönn og mun halda þrjá á vorönn auk þátttöku í afmælisþingi DKG í Reykholti í vor. Fundir vetrarins hafa verið fjölbreyttir og leitt að hluta til af sér ákveðna þróunarvinnu innan deildarinnar. Menntamálaumræða er áhugamál deildarkvenna og fyrsti fundur haustsins var

kröftug byrjun á henni. Gestur fundarins var Berglind Ásgeirsdóttir sem starfað hefur sem aðstoðarframkvæmdastjóri OECD. Hún kynnti okkur nýbirta skýrslu OECD um Ísland og þá sýn sem stofnunin hafði á menntamálum hér á landi. Berglind setti íslensk menntamál í alþjóðlegt samhengi. Hún benti á þróun fólksfækkunar í hinum iðnvæddum löndum, sem þýði að árið 2015 verði um tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega, í stað fjögurra í dag. Þetta gerir kröfur um aukna arðsemi starfa í iðnvæddum löndum. En hvaða störf eru arðbær til lengri tíma? Sýnt þykir að viðskipti með þjónustu muni stórukast, þ.á.m. menntun. Gera má ráð fyrir að menntunarbakgrunnur fólks á vinnumarkaði muni breytast og að um 60% nýrra aðila á vinnumarkaði verði með háskólapróf. Menntun er lykill að því að okkur takist að laga okkur að breyttum kröfum alþjóðasamfélagsins, enda ljóst að í löndum sem leggja áherslu á menntun eru meðaltekjur jafnframt hæstar. OECD varar Íslendinga við í þessu efni, að nauðsynlegt sé að styrkja menntakerfið enn frekar, einkum á framhalds- og grunnskólastigi. Tryggja þurfi að allir nemendur nái grundvallarfærni í læsi, stærðfræði og þrautalausnum, bent er á að hér skorti mat á frammistöðu skólakerfisins, að vinna þurfi gegn hinu mikla brotthvarfi nemenda úr námi í íslenskum framhaldsskólum, að virkur kennslutími sýnist of stuttur og að lítil virðing virðist ríkja fyrir verknámi í íslensku samfélagi. Berglind kom víða við, benti t.d. á mjög góðan árangur í finnsku menntakerfi, þar sem mikil virðing er borin fyrir kennarastarfinu og nemendur fá t.d. allir mat í skólanum. Í Noregi hins vegar hafði komið upp spurning um hvort fylgni væri milli mikillar truflunar í kennslustundum og þess að um 90% kennara hættu störfum áður en eftirlaunaaldri er náð.

Á haustönn fórum við einnig í borgarrölt undir handleiðslu Birnu Þórðardóttur og héldum síðan okkar árlega aðventufund í kennslueldhúsi KHÍ, því við erum svo heppnar að hafa lektor í heimilisfræði innan okkar raða. Gestur fundarins, Jörgen Pind, fjallaði um nýútkomna bók sína um Guðmund Finnbogason,

höfund fræðslulaganna frá 1907 og merkan fræðimann í sálarfræði. Fyrsti fundur vorannar var helgaður stefnumótunarvinnu deildarinnar, þar sem konur lögðu línur um hvað þeim þykir mestu skipta í starfi og samveru í Etadeild. Afrakstur þess fundar verður okkur leiðarljós í frekara starfi. Þann 28. mars mun ein í deildinni, Ingibjörg Símonardóttir, kynna okkur HLJÓM-2 málþroskaprófið og síðan ljúkum við vetrarstarfinu með afmælisfundi Etadeildar þann 6. júní næstkomandi.

Í deildinni eru starfandi 7 nefndir sem undirbúa einn fund hver og taka að sér tiltekin verkefni í þágu deildarinnar, s.s. að kynna fyrir deildarkonum starf samtakanna, eins og störf í alþjóðanefndum, námsstyrki og landssambandið. Einnig eru nefndir sem sjá um innra starf, s.s. öflun nýrra félaga, að styrkja innbyrðis tengsl og njóta samvasta, gamanmál og fleira. Loks er starfandi sérstök afmælisnefnd til að undirbúa framlag okkar á afmælisþingi DKG í Reykholti í vor.

Reykjavík, 20. mars 2007

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, formaður Etadeildar



Frá Gammadeild

Vetrarstarfið hófst í september með heimsókn í Landnámsbæinn í Aðalstrætínu. Eftir afar ánægjulega leiðsögn þar um hittumst við á vinnustað undirritaðrar og héldum skemmtilegan stefnumótunarfund. Skiptum við okkur í hópa og ræddum hvernig við vildum haga starfi deildarinnar á næstunni, hvort við vildum einhverju breyta og hvað mætti betur fara. Horfðum inn í framtíðina.

Við fengum margar góðar hugmyndir í veganestið og var þetta ánægjulegt upphaf fyrir nýja stjórn. Það var gaman að sjá hve við vorum ánægðar með þá festu og góða form sem starfsemin hefur verið í, en við höfum verið duglegar að halda í ákveðnar hefðir svo sem að kveikja alltaf á kertunum, senda kveðju inn á fund ef við ekki getum mætt, rifja upp markmið samtakana og þar með á hvaða grunni við byggjum, hafa orð til umhugsunar og syngja saman eins oft og við getum. Einnig er mikið lagt upp úr að við kynnumst hver annarri, heimsækjum vinnustaði hvernar annarrar og fræðumst um hvað við erum að gera. Þetta er okkur nauðsynlegur rammi utan um þann fróðleik sem við miðlum á fundum.

Forskrift vetrarins er „Frumkvöðlar í grasrótinni“ og á októberfundinum kynntumst við starfinu á Ási vinnustofu í Brautarholti 6. Valdís Erlendsdóttir, yfirþroskaþjálfari á Ási vinnustofu, kynnti fyrir okkur verkefni í Fötlunarfræði við Kennaraháskóla Íslands, sem hún og Hrefna Þórarinsdóttir, þroskaþjálfari og í Gammadeild, unnu að veturinn 2005-2006. Fötlunarfræðin er ung fræðigrein, þar sem rík áhersla er lögð á að skoða, rannsaka og styrkja sjálfsákvörðun og valdeflingu fólks með þroskahömlun. Þetta var mjög fróðlegt og skoðuðum við vinnustofuna í lok fundar. María Kjeld var með orð til umhugsunar að þessu sinni.

Á nóvemberfundinum sagði Gerður Óskarsdóttir í Gammadeild okkur frá undirbúningi að stofnun Ingunnarskóla í Grafarholti, skóla fyrir 21.öldina. Þessi skóli er sérstaklega skemmtilegur og leiddi Guðlaug Sturlaugsdóttir skólástjóri

okkur um bygginguna og lýsti starfseminni. Við enduðum að sjálfsögðu í söngstofunni með Þórunni og sungum.

Jólafundurinn var að venju í heimahúsi og að þessu sinni tók Björg Eiríksdóttir á móti okkur með heitu jólaglöggi. Gammakonur komu síðan með sýnishorn af jólabakstrinum. Þessir fundir eru nokkuð hefðbundnir. Við fáum heimsókn, sem að þessu sinni var Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og fór hún á kostum að vanda. Tvær konur völdu ljóð sem þær deildu með okkur og voru það Guðný og Sigrún eldri að þessu sinni. Anhdao kynnti fyrir okkur síði í tengslum við hátíð þessa árstíma í framandi landi og var það afskaplega skemmtilegt og fræðandi. Auðvitað leiddi Þórunn sönginn í lokin af sinni alkunnu snilld og við fórum léttar og glaðar heim í jólaföstuna.

Hin síunga Hertha bauð okkur heim til sín í janúar. Í tilefni af afmæli sínu í desember bauð hún okkur upp á kræsingar. Þetta var yndisleg samblanda af fundi og boði og var gaman að fá að hittast og tala saman í ró og næði. Ef til vill gerum við ekki nóg af því. Það má ekki gleyma því að þó dagskráin sé ánægjuleg þá verðum við að fá tækifæri til að spjalla og rækta venskapinn. Aðalatriðið er að fara hinn gullna meðalveg í þessu sem og öðru. Ragnhildur var með orð til umhugsunar.

Febrúarfundurinn var aftur vinnufundur, en að þessu sinni var rýnt í fortíðina. Við ákváðum að skoða gamlar fundargerðir og rifja upp hvað við værum búnar að gera undanfarin 30 ár. Þessi fundur var haldinn í gamla Pósthúsinu við Brúnaveg. Þar ræður Ragnhildur Þórarinsdóttir, Gammakona húsum og getur tekið þar á móti hópum sem vilja funda eða gista (gott fyrir landsbyggðarkonur að vita af því!). Pálína var með orð til umhugsunar og rakti upphaf samtakanna. Það var mjög skemmtilegt og fróðlegt að rifja upp hve mikið er búið að gera og nauðsynlegt að horfa yfir farinn veg örðu hverju og á vel við á afmælisárinu.

Næsti fundur verður í Fjölbrautaskólanum við Ármúla en þar ætlum við að kynnst starfi sem þar er unnið með lesblindum. Í apríl verður farin ferð í listasafn og vonandi fáum við okkur göngutúr í vorveðrinu. Þann 5.júní ætlum við að gera okkur glaðan dag og halda í sveitina til hennar Ingibjargar Einarisdóttur sem ætlar að taka á móti okkur í sumarbústaðnum sínum fyrir austan.

Gammakonur ætla að fjölmenna á landssambandsþing í maí og hlakka til að sjá systur úr öðrum deildum.

Ingibjörg Jónasdóttir,
formaður Gammadeildar



Frá Jótadeild

Nokkrir punktar um starfið okkar í vetur.

Stefnan var tekin á fjölmenningu í haust en vegna ýmissa ófyrirséðra atvika tókst okkur ekki halda þeirri stefnu á þann hátt sem við hefðum kostið. Við höldum samt sem áður fundina á tilsettum tíma en breyttum aðeins um fundarefni.

Fyrsti fundur var haldinn á leiksskólanum Eyrarskjól á Ísafirði. Jótakonnan Soffía Bragadóttir tók á móti okkur en hún er aðstoðarleikskólastjóri á Eyrarskjóli. Skólinn hefur unnið eftir Hjallastefnunni frá 2003, ásamt því að vinna eftir aðalnámskrá leikskóla, með sérstaka áherslu á markvissa málörvun og stærðfræði. Þá leggja þær mikið upp úr hreyfingu og hollu fæði. Þar er starfandi

mötuneyti í afar þröngu eldhúsi og kom fram í orðum Soffíu að þar sem starfsmannaástaðan sé mjög bágborin standi það þeim fyrir þrifum. Efst á óskalistaum þeirra að byggt verði við skólann sem allra fyrst. Það var mjög áhugavert að kynnast starfseminni á Eyrarskjóli. Þar er ekki skipt niður á deildir heldur er talað um kjarna þ.e. bláa kjarna fyrir drengi og rauða kjarna fyrir stúlkur.

Næsti fundur var haldinn heima hjá einni stjórnarkonunni, Guðríði Sigurðardóttur. Á þeim fundi fjölluðum við um væntingar okkar til deildarinnar og samtakanna almennt. Þá spunnust miklar umræður um mætingar á fundi, fundartíma, staðsetningu funda og ýmislegt fleira sem okkur lá á hjarta. Því miður var fremur lítil mæting á þennan fund. Samt sem áður skipulögðum við vormisserið og var nokkur hugur í konum um að fara á Evrópuþingið í London.

Síðasti fundur fyrir jól var haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði. Á þessum fundi fræddi Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri GÍ og Jótasystra okkur um Uppbyggingarstefnuna sem verið er að innleiða þar. Þegar komið er inn í anddyri skólans tekur á móti manni einkunnarorð þessarar stefnu, en hún máluð á stóran vegg í anddyrinu ásamt því að bjóða gesti og gangandi velkomna í skólann. Einkunnarorð Uppbyggingarstefnunnar eru: Virðing, samhugur og menntun. Allir starfsmenn skólans skrifuðu undir sáttmála um skólastarfið og hangir sáttmálin uppi á áberandi stað við kennarastofuna.

Nýtt starfsár hófst á frábærum bóka fundi á heimili fyrrverandi formanns deildarinnar, Sigríðar Ragnarsdóttur. Af reynslu okkar frá síðasta bóka fundi höfðum við ákveðið að hver kona legði áherslu á eina bók. Allar höfðum við lesið bestu bók jólanna og spunnust skemmtilegar umræður um lesefni okkar og vaknaði mikill áhugi á þeim bókum sem nefndar voru. Eftir fundinn var sendur út listi um bækurnar til allra kvennanna í deildinni. Þannig að nú eru allar Jótasystur á kafi í bóklestri.

Febrúarfundur var haldinn í Grunnskóla Bolungarvíkur. Yfirskrift þessa fundar var tónlist í grunnskólum. Þar fengum frábæran fyrirlestur hjá Soffíu Vagnsdóttur skólastjóra GB. Í fyrirlestrinum fjallaði hún um það sem sagt er í aðalnámskrá um tónmennt og gildi tónlistar í uppeldi og starfi með börnum og unglíngum. Eins og henni er einni lagið fór hún á kostum og dró okkur með sér í lífmikla og skemmtilega kennslustund í tónmennt. Soffía hefur samið námsefni í tónmennt fyrir grunnskóla og nefnist það: Það er gaman að hlusta - á framandi tónlist, - á kvikmyndatónlist.

Næsti fundur okkar verður í Verkmenntahús Menntaskólans á Ísafirði. Á þeim fundi mun Guðrún Á. Stefánsdóttir ritari deildarinnar draga fram þætti úr meistararitgerð sinni í náms- og starfsráðgjöf. Ennfremur fáum við kynningu á Verkmenntahúsi MÍ

Vorfundurinn verður væntanlega í lok maí eða byrjun júní. Þá er stefnan tekin á golfvöll Ísfirðinga í Tungudal, þar ætla þær Guðrún Stefáns og Guðríður Sigurðar og leiða okkur í allan sannleik golfþróttarinnar.

Kveðja frá Jótadeild DKG

Steinunn Guðmundsdóttir formaður



Lausnir á vísnaátum:

1. Harpa
2. Hellur
3. Sútur
4. Greinar
5. Augu



Markmið Delta Kappa Gamma samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum viðs vegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál almennt og konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

